

Starfstjórnar og verkefni:

Skýrsla stjórnar FEBG á aðalfundi 26. febrúar 2026

Síðasti aðalfundur FEBG fór fram hér í Jónshúsi 6. mars 2025. Eftirtalin voru þá kosin í stjórn: Sú sem hér stendur var endurkjörin formaður FEBG til eins árs. Aðrir í stjórn voru kjörin, Engilbert Gíslason, Lára Kjartansdóttir, Magnús Halldórsson og Sturla Þorsteinsson. Í varastjórn voru kjörin þau: Bryndís Sveinsdóttir, Helgi Halldórsson sem kom nýr inn í varastjórn og Sigríður Jóhannesdóttir. Einnig voru skoðunarmenn reikninga kjörnir, þeir Gunnar Gunnlaugsson og Daði Guðmundsson og Ástbjörn Egilsson til vara eins og undanfarin ár. Stjórn skipti með sér verkum á fyrsta fundi og var skipan óbreytt milli ára, varaformaður Engilbert Gíslason, gjaldkeri Sturla Þorsteinsson og ritari er Lára Kjartansdóttir.

Á aðalfundinum 2025 var ákveðið að árgjald félgasins yrði kr 4.000 – samþykkt að 90 ára og eldri yrðu undanþegin greiðslu en þau voru alls 130 á síðast ári. Árgjalda rukkanir voru sendar út í gegnum bókhaldskerfi félagsins í netbanka félagsfólks.

Innheimta árgjalda gekk mun betur en síðustu ár en alls greiddu ríflega 2000 manns árgjaldið. Í árslok 2025 voru skráðir félagar ríflega 2.300 félagar og hafði fjölgað töluvert á árinu og fjölgunin hefur haldið áfram nú í byrjun árs því frá áramótum hafa 88 skráð sig í félagið. Þetta gleður okkur mjög og við teljum að þetta sé til marks um að félagið sé á réttri braut hvað varðar starf sitt. Áfram voru gefi út rafræn skírteini og hefur þeim fjölgað til muna sem nýta sér þau, þó enn sé hægt að fá hin hefðbundnu plastskírteini.

Samstarfið við Garðabæ hefur á árinu verið jafn gott og önnur ár. Félagið er mjög þakklátt fyrir þann mikla stuðning sem bærinn, stjórnendur og starfsfólk hans sýnir félaginu. Áfram er í gildi samningur Garðabæjar við FEBG um umsjón með hreyfingu og heilsueflandi starfa fyrir eldra fólk í bænum. Nú nýlega var undirritaður nýr samningur til næstu tveggja ára sem hljóðar upp á 19.000.000 kr. á ári. Starf FEBG hefur eflst til muna og er félagið afskaplega ánægt með þessa hækkun sem gerir það að verkum að hægt er að hafa starfsmann hjá félaginu í stærra starfshlutfalli en áður. Vilborg Edda lét af störfum í október s.l. en nýr starfsmaður Ásta Sesselja hóf störf núna í byrjun febrúar.

Stjórnin hélt 17 formlega stjórnarfundum á árinu, auk einhverra óformlegra fund. Fulltúrar félagsins hafa tekið virkan þátt starfi LEB Landsambands

eldri borgara, sem einmitt voru hér að kynna starf LEB fyrir fundinn þannig sótti stjórnarfolk Landsfundur LEB sem haldinn var í Reykjanesbæ, þar sem Björn Snæbjörnsson var kjörin formaður í stað Helga Péturssonar sem lést síðar á árinu, blessuð sé minning hans.

Formaður hefur tekið þátt í reglulegu rafrænum formannafundum LEB –og sat einnig góðan tveggja daga fund sem haldin var á Varmalandi í Borgarfirði þar sem m.a. var unnið að framtíðar stefnu samtakanna. Þá tók undirrituð þátt í ráðstefnunni: Ofbeldi er ógn á vegum LEB. Mjög áhugaverð ráðstefna en um leið mjög sorgleg því raunveruleikinn í þessum málum er kaldur þegar kemur að auknu ofbeldi geng eldra fólki.

Engilbert á sæti í fulltrúaráði Eirar hjúkrunarheimilis, en fulltrúaráðið er skipað fulltrúum félaga á höfuðborgarsvæðinu.

Framboð félagsins um hreyfingu hefur verið óbreytt að mestu frá því félagið tók við umsjóninni, reyndar var boðið upp á Golfnámskeið s.l. vor sem gaman væri að endurtaka og e.t.v. með meiri áherslu á þúttið nú þegar þúttvöllurinn hér fyrir utan verður tilbúinn til notkunar í vor eða það held ég amk. Til umræðu er að koma með nýjungar inn í hreyfinguna sem verður hugað að á árinu og stjórnin tekur glöð á móti hugmyndum ykkar.

Það er óhætt að segja að það er mjög góð þátttaka félagsfólks í flestum viðburðum sem boðið er upp á. Í hreyfingunni jókst þátttaka seinni hluta ársins frá því sem var fyrri hlutann en það eru að jafnaði 350 – 370 manns sem tekur þátt í hinum ýmsu hreyfiúrræðum sem í boði eru sem er frábært og vil ég færa leiðbeinendum kærar þakkir fyrir þeirra góða starf.

Til umræðu er að koma með nýjungar inn í hreyfinguna sem verður hugað að á árinu og stjórnin tekur glöð á móti hugmyndum ykkar.

Eins og áður segir er almenn þátttaka mjög góð í þeim viðburðum sem boðið er upp á. Hér í Jónshúsi er fullt hús á flestum viðburðum og líka utan þess og hafa súpudagarnir og snittudagar slegið í gegn, á starfsfólkið í eldhúsinu Garðar, Jóhann, Rakel og nú einnig Birgitta sem er í afleysingum allan þátt í þessum vinsældum. Verst að það sé ekki kominn **teljari í húsið** sem getur gefið upplýsingar um þann mikla fjölda sem sækir Jónshús yfir vikuna.

Nú hlaupum við hratt yfir það sem hefur verið í boði á vegum félagsins og í samstarfi félagsins og Jónshúss.

Eins og undanfarin ár er boðið upp á Gleðijóga (stólajóga)bæði í Kirkjuhvoli og Sjálandsskóla, Vatnsleikfimi í Sjálandsskóla og er hægt að velja á milli 4 tíma, einum snemma dags og þremur seinn partinn 2 x í viku, í Sjálandsskóla er einnig Qi-gong (tjigong) undir stjórn Ástbjörns Egilssonar sem hefur leitt hópinn í mjög mörg ár og færum við honum bestur þakkir fyrir óeigingjant starf, Dansleikfimi er líka Sjálandsskóla. Í Ásgarði er leikfimi sem alltaf verður vinsælli og vinsælli og einnig Boccia skemmtileg íþrótt sem því miður allt of fáir stunda.

Gönguhópurinn fer alla daga kl. 10.00 frá Jónshúsi sem vissulega fellur undir hreyfingu og heilsurækt en hópurinn hefur farið í lengri göngur 2 x í mánuði frá vori til hausts.

Þá komum við að þjálfun hugans og gleðihormónanna

Bridge er spilað á mánudögum og miðvikudögum að jafnaði er spilað á 12 – 13 borðum og félagsvist á föstudögum og eru vinsældir vistarinnar alltaf að aukast og spilað er á allt að 25 borðum, sem óhætt er að segja að þá sé sneisa fullt hús

Sömu daga og/eða á öðrum dögum erum hópar hér sem spil hin ýmsu spil.

Samsöngur er 2. og 4. föstudag í mánuði yfir vetrarmánuðina og stjórnar Garðbæingur ársins árið 2025 sr. Benedikt Sigurðsson því sem fram fer, hann fær til liðs við sig Georg Grundfjörð sem spilar á bassa og Hilmar Hjartarson með harmonikku sem einmitt verður með samsönginn á morgun

.

Íslendingasögur hafa áfram verið lesnar og greindar og á síðast ári var það Egilssaga á vormánuðum og Gunnlaugssaga Ormstungu - Gíslasaga og fleiri sögur um haustið. Nú er lestur Laxdælu í gangi.

Ýmislegt hefur verið gert til skemmtunar frá síðasta aðalfundi: Leikhúsferðir í Borgarleikhúsið voru bæði vor og haust að sjá Ladda og Moulin Rouge. Páskabingó og jólabingó voru haldin. Sumarfagnaður var haldinn í lok maí þar sem boði var upp á grillaða hamborgara þá koma að Haustfangnaði eða svokölluðu snittuballi, þá var það jólahlaðborð sem vakti mikla lukku en okkar menn þeir Jói og Garðar sáu um matinn. Þorrablótið var síðan á sínum stað og nú stendur fyrir dyrum að halda Góugleði 7. mars og innan stjórnar kom fram að gæti þyrfti jafnréttis og hafa líka eitthvað matarkyns á Góugleði eins og á Þorrablóti svo þar verða smáréttir í boði sem Jói og Garðar ætla að útbúa. Í tengslum við skemmtanir vil ég þakka

skemmtinefndinni fyrir þeirra framlag en hana hafa skipað, Guðbjörg Guðjónsdóttir og Ólöf Ásta Guðmundsdóttir ásamt Bryndísi Sveinsdóttur, Helga Halldórssyni og undirritaðir frá stjórn.

Farið var í skemmtilegar ferðir bæði innanlands og utan, stefnt var á að fara í 4 daga verð um Vestfirði en því miður náðist ekki lágmarkspáttaka nú er önnur tilraun í gangi og en vonum við að það geti gengið við gerum okkur vel grein fyrir að bæði er þessi ferð dýr og einnig að það er ekki á færi allra að taka þátt í þessari löngu ferð. Ef farið yrði með minni hóp þá mundi það hafa meiri kostnað í för með sér. Farið var í mjög skemmtilega ferð í Landmannalaugar og um Fjallabak sem heppnaðist mjög vel. Síðan var farið í styttri ferð um Suðurströndina í byrjun september. Þá var farið til Færeyja í maí og til Berlínar í lok ágúst.

Í lok ágúst fór fram vel heppnað virkniþing í samstarfi félagsins og Garðabæjar en verkefnið tengist verkefninu Bjartur líffstíll sem er á vegum LEB og ÍSÍ. Mikill fjöldi sótt viðburðinn þar sem kynnt var ýmislegt sem kemur eldra fólki til góða tengt hreyfingu og heilsu. Því tengdu vil ég nota tækifærið að nefna Íbúáþing eldra fólks sem verður haldið á veitingahúsinu Sjólandi 11. mars n.k. þar verða lögð fram drög að stefnu og aðgerðaráætlun í málefnum eldra fólks í Garðabæ og ég hvet áhugasama til þess að skrá sig. Þau málefni sem unnið verður með í borðavinnu eru búseta og umhverfi, heilsa og vellíðan, stuðningur og þjónusta og félagsleg virkni og þátttaka. Þetta verður örugglega fróðlega ráðstefna

Skemmtileg kynning á Gervigreind var haldin í október og var húsfullir þar og nú á næstu vikum verður haldið námskeið í framhaldi af kynningunni og mun Stefán Atli vera með námskeiðið eins og kynninguna. Ástæða þess að dregist hefur að halda námskeið er plássleysi en nú með tilkomu salarins í Lambamýri aukast möguleikar. FEBÁ hefur afnot af salnum en FEBG mun leitast við að fá að halda námskeiðið þar utan opnunartíma félagsins.

Nú er komið að lokum og þakka ég aftur fulltrúum Garðabæjar fyrir velvild, hlýhug og aðstoð, stjórnarfólki og skemmtinefnd fyrir þeirra störf og síðast en ekki síst þakka ég starfsfólki Jónshúss kærlega fyrir samstarfið og við sendum kveðjur í Hlíðarfjall til Sólveigar. Bað stafsfolk Jónshúss, þau Garðar, Jóhann og Rakel að koma fram til þess að fundargestir geti klappað fyrir þeim.

Nú ætla ég aðeins að fara á persónulegar nótur – eins og einhverjir vita er ég á framboðslista Sjálfstæðisflokksins fyrir sveitarstjórnarkosningarnar 16. maí n.k.. Ég geri þetta sem Anna R. Möller en ekki sem formaður Félags eldri borgar í Garðabæ en það ljóst að ef ég hlýt kosningu hér á eftir verð ég formaður þegar kemur að kosningum. Ég tók áskorun um að bjóða mig fram og að mjög vel athuguðu máli ákvað ég að slá til þar sem ég tel að ég hafi orðið góða reynslu sem er gott veganesti fyrir störf innan bæjarstjórnar en ég hef almennt áhuga á málefnum íbúa og eðli málsins samkvæmt áhuga fyrir hag okkar eldra fólks

Ég hef heyrt gagnrýnisraddir á þetta framboð mitt að ég sé að blanda félaginu inn í mitt framboð. Vissulega stendur nafn félagsins við nafn mitt enda er ég formaður félagsins allavega þegar það var skrifað, eins og lögfræðingur eða verkefnisstjóri stendur við nöfn annarra. Ég mun hins vegar ekki blanda félaginu inn í kosningabaráttuna en tel að félagið og félagar þess muni e.t.v. hafa gagn af veru minni á listanum og tengslum við bæjarstjórn

.